

SJÓNAUKINN

19. JANÚAR 2022 - 25. JANÚAR 2022

• 3. tölublað • 37. árgangur •

Jöfnunarstyrkur til náms

Umsóknarfrestur á vorönn 2022 er til 15. febrúar n.k.

Nemendur á framhaldsskólastigi sem ekki njóta lána hjá Menntasjóði námsmanna geta sótt um styrk til jöfnunar á námskostnaði. Styrkurinn ræðst af búsetu og er fyrir þá sem að stunda nám fjarri heimili sínu.

- Dvalarstyrkur (fyrir þá sem að dvelja fjarri lögheimili og fjölskyldu sinni vegna náms).
- Akstursstyrkur (fyrir þá sem sækja nám frá lögheimili fjölskyldu fjarri skóla).

Nemendur geta sótt um jöfnunarstyrkinn með rafrænum skilríkjum á Mitt Lán sem aðgengilegt er í gegnum heimasíðu okkar **www.menntasjodur.is** eða **island.is**.

Nemendur og aðstandendur þeirra eru hvattir til að kynna sér reglur um styrkinn á vef Menntasjóðs námsmanna (**www.menntasjodur.is**).

Menntasjóður námsmanna
Námsstyrkjanefnd



MENNTASJÓÐUR
NÁMSMANNA



Þakkir fyrir stuðning

Sendum íbúum Húnaþings-vestra og velunnurum, okkar bestu óskir um gleðilegt nýtt ár um leið og við þökkum góðan stuðning við starf björgunarsveitarinnar á árinu sem leið. Það er jafnframt ósk okkar að nýja árið verði okkur slysa- og áfallalaust.

Einnig þökkum við þeim kærlega fyrir sem buðu upp á flugeldasýninguna um áramótin.

Sláturhús KVH

Leirhús Grétu

Meleyri

Stefánsson

Húnaþing vestra

Hótel Laugarbakki

Villi Valli

SG Verkstæði

Vélav. Hjartar Eiríkssonar

Girðingar

Tengill

Kola

Fæðingarorlofssjóður

Sindrastaðir

Hagsæld

Þvottahúsið Perlan

BB Bjarghús

Terra	BBH Útgerð
Reynd að smíða	Döggvi
Ingibjörn verktaki	Reykjatangi
Kidka	Ferðapjónustan Dæli
Aðaltak	Agnar Sigurðsson
Ghaukur	Tveir smiðir
Jóhannes Geir verkt.	Ferðapj. Tangahúsi Borðeyri
Maggi í mjólkurhúsinu	Bílver Ós
Núpskollur	Gunnar Þorgeirsson E-Fitjum
Unnval	Kolugil
Birkir S. Gunnlaugsson	Kristján og Fríða
Ágúst Þorbjörnsson	Húnaprent

Björgunarsveitin Húnar



**SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG**

ATVINNURÁÐGJAFI MEÐ ÁHERSLU Á NÝSKÖPUN



Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) leita að öflugum aðila til að vinna að nýsköpunarmálum í landshlutanum. Störfin gerast vart meira spennandi!

Helstu verkefni

Helstu verkefni eru aðstoð við gerð rekstrar- og markaðsáætlana, gerð styrkja- og lánaumsókna, aðstoð við fjármögnun og stofnun fyrirtækja, miðlun upplýsinga um nýsköpun, skipulagning viðburða, umsjón samstarfsverkefna o.s.frv. Sérstök áhersla verður lögð á stuðning við nýsköpunarfyrirtæki á Norðurlandi vestra, eflingu þeirra og fjölgun.

Menntunar- og hæfnisþröfver

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Haldbær þekking/reynsla af rekstri/verkefnastjórnun.
- Reynsla af áætlanagerð.
- Áhugi á nýsköpun. Þekking á styrkja- og nýsköpunarumhverfinu er kostur.
- Reynsla af störfum sem kalla á tengslamyndun er æskileg.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Góð almenn tölvukunnátta auk þekkingar á helstu stafrænum miðlunarleiðum, svo sem í gegnum heimasíður og samfélagsmiðla.
- Framúrskarandi hæfni til að tjá sig í ræðu og riti er nauðsyn.

Tekið er á móti umsóknum á ráðningarvefnum alfred.is

Umsóknarfrestur er til og með 30. janúar 2022.

Við viljum endilega fá nýjan starfsmann til starfa sem fyrst. Gert er ráð fyrir að hann sé staðsettur á einni af fjórum starfsstöðvum SSNV, á Hvammstanga, Blönduósi, Skagaströnd eða Sauðárkróki.

Nánari upplýsingar veitir Unnur framkvæmdastjóri, unnur@ssnv.is.

Starfssvæði SSNV nær yfir 7 sveitarfélög frá Hrútafirði í vestri yfir í Skagafjörð í austri. Hjá samtökunum starfa 7 starfsmenn sem eru frábærir vinnufélagar. Samtökin vinna að framkvæmd Sóknaráætlunar Norðurlands vestra, atvinnuþróun og öðrum skemmtilegum verkefnum fyrir sveitarfélögin. Á Norðurlandi vestra búa um 7400 manns í fjölskylduvænum samfélögum í nálægð við stórbrotna náttúru. Tólmundastarf er fjölbreytt og menningarlíf gróskumikið. Hér er gott að búa!